


Í safni ófullkomleikans

1939 - 2010

/ In the Collection

of Imperfection

1939 - 2010





Edvard Munch, *Self-portrait*  
From the photo-archives of Martin Gundersen

Í safni ófullkomleikans  
1939 - 2010

/ In the Collection

of Imperfection  
1939 - 2010

---

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús  
/ Reykjavík Art Museum - Hafnarhus 20/5 - 29/8 2010  
Gert að beiðni Listasafns Reykjavíkur, 2010  
/ Commissioned by The Reykjavík Art Museum, 2010

**Sýningarskrá / Catalogue**

Grafísk hönnun / Graphic design:  
Ármann Agnarsson

**Efni fengið að láni / Borrowed material:**

Birgir Andrésson: úr bóðskorti sýningarinnar  
Fundin Ný lönd í Gallerí II, 12. & 13. Nóvember 1994  
/ Birgir Andrésson, from the invitation card for the exhibition  
Found new lands, in Gallery II, 1994;  
Oddný Eir .Evarsdóttir: brot úr skáldsögunni  
Heim til míns hjarta, ilmskyfsla um áratíð á harli, bls.150-153,  
Hjartur, 2009 / Oddný Eir .Evarsdóttir: excerpt from the novel  
Home to My Heart: a perfume report on a season at  
the sanatorium 2009. Translation by Sarah Brownsberger;  
Upplýsingatexti af beiðmasíðu íslenska skólans á Expo 2010  
í Sjanghai, www.expo2010.is, maí 2010 / Information text  
from the website of the Icelandic Pavilion in the 2010 World Expo  
Shanghai, www.expo2010.is, May 2010;  
Morgunblaðið, Þriðjudagur 7. Febrúar 1939; Alþýðublaðið,  
föstudagur 11. Febrúar 1938 / Excerpts from the official guidebook  
of the Icelandic Pavilion in the New York World's Fair 1939.  
Frimerki Expo gerir / Expo stamp designed by: Örn Smári Gíslason.  
Sýningarstjóri Expó skólans er / Curator for Iceland  
Pavilion at Expo 2010: Páll Hjaltason +Arkitektar

Annar texti / Other text: Markús Þór Andrésson  
Þýðingar / Translations:  
Elsa Eiríksdóttir, Sarah Brownsberger  
Prófkör / Copy editing:  
Elsa Eiríksdóttir, Bryndís Hrönn Ragnarsdóttir

Lesmálið er sett með / Text set with:  
Chronicle Text G1  
Fyrirsagnir settar með / Headlines set with:  
HTF46 Flyweight & Knockout HTF47 Bantamweight

Prentað í / Printed in: Lítróf Printing house  
Pantone 462 & 202 on Munken print white 15  
Bókband / Binding: Bókavirkid

Ábyrgðarmaður / Liability: Unnar Örn  
**Unnar Örn Forlag - Reykjavík 2010**

# Unnar Örn

## Í safni ófullkomleikans

### 1939 - 2010

Þeir eru ekki margir sem koma fjölbreytni til varnar hér á landi. Þegar samfélagið var nánast allt komið á sömu hringekju peningaafllanna var Unnar Örn með hugann við aðrar áherslur, önnur gildi, önnur kerfi. Á sýningum hans mátti taka þátt í ófyrirséðu ferli, fylgjast með uppsöfnun og niðurbroti eða rýna á bak við tjöldin og koma auga á það sem manni hefði annars yfirsétt. Enn í dag er hann með hugann við aðra valkosti en þá sem blasa við og leggur nú áherslu á gildi og inntak hins ófullkomna.

Listasafn Reykjavíkur hefur boðið Unnari Erni að sýna í Hafnarhúsinu og af því tilefni beinir hann sjónum sínum að stofnuninni sem slíkri í víðu samhengi en innviðum hennar einnig. Hvernig er menning samfélags skrásett, varðveitt og notuð til að endurspegla sjálfsmynd borgaranna og sögu þeirra? Unnar Örn grúskar í söfnum Reykjavíkurborgar sem geyma ýmist minjar, myndlist, byggingalist, ljósmyndir, eða bækur og skjöl. Þar leynast munir sem eru mörgum kunnir – sjálfur menningararfurinn – en söfnin varðveita þó langtum meira magn heldur en almennt er til sýnis. Meirihluti gripa í förum þeirra hefur aldrei komið fyrir sjónir almennings. Í rannsókn sinni leggur Unnar Örn sérstaka áherslu á muni sem tengjast sögu einstaklingsins. Sögu fólks sem víðaði að sér, skrásetti, skapaði og skildi eftir sig minningar sem rötuðu inná söfnin og eru varðveittar þar. Gildi slíkra safna var ljóst þeim einstaklingum sem að þeim stóðu á sínum tíma en kann að vera okkur óljóst í dag.

Skemmst er að minnast sýningar Unnars Arnar í Gallerí Ágúst á síðasta ári þar sem hann vann út frá ljósmyndum Sigurðar Guttormssonar, bankamanns, frá fjórða og fimmta áratug síðustu aldar. Þær sýna húsakost fátæks fólks víða um land og safnaði Sigurður myndunum í þeim tilgangi að sýna fram á stéttaskiptingu þjóðfélagsins og örbirgð almúgans og krafðist þar með úrbóta þeim til handa. Myndir Sigurðar búa yfir annarri merkingu í dag án þess að hún liggj endilega ljós fyrir og var einmitt spurningunni um gildi þeirra varpað fram á sýningu listamannsins. Segja má að sýningin í Gallerí Ágúst, *Um sérstakt framlag Íslands og íslensks samfélags til sögu ófullkomleikans*, hafi verið formáli þeirrar sem nú er fyrir höndum í Hafnarhúsinu.

Auk þess að draga fram í dagsljósið lítt þekkt söfn einstaklinga úr förum Reykjavíkurborgar skoðar Unnar Örn þá mynd sem hið opinbera vald hefur kosið að draga fram af þjóðinni á alþjóðavettvangi í tengslum við heimssýningar. Ríkisstjórn Íslands tók í fyrsta sinn þátt í slíkri sýningu í New York árið 1939 og gerir það einnig nú í maí, 2010 í Sjanghæ. Á sýningu Unnars Arnar í Hafnarhúsinu skarast þannig hin heilsteypa, opinbera sjálfsmynd þjóðarinnar sem og hin falda og ófullkomna frásögn einstaklingsins. Þar er þeirri spurningu varpað fram hvaða vægi opinber ímyndarsköpun yfirvalda hafi í tengslum við upplifun þegna landsins. Gangast þeir upp í þeirri ímynd eða eiga þeir hlutdeild í að móta hana?

Almennt má segja um fagurfræði Unnars Arnar að hún endurspeglir jöfnum höndum hvatvísi listamannsins og yfirvegum. Hann heillast af því viðfangsefni sem hann tekst á við hverju sinni en beitir um leið markvissri afbyggingu og gagnrýni við úrvinnslu þess. Segja mátti að vinnuferlið endurspegladi togstreitu á milli heilahvelanna, rökhyggju þess vinstra og innsæi þess hægra. Kjarna myndlistar Unnars Arnar er einmitt að finna í mótun og framsetningu hugsunar, í varðveislu hugmynda og geymd minninga. Verk hans sýna leit að uppruna merkingar, rýni í þá merkingu og tilraun til þess að brjóta upp inntak hennar. Við slíka endurskoðun heimilda og framsetningu þeirra í nýju samhengi koma óhjákvæmilega fram önnur gildi og togstreytan á milli stofnunar og einstaklings afhjúpast. Unnar Örn grannskoðar ýmis kerfi sem hafa mótast innan samfélagsins, á pólitískum vettvangi, innan hagstjórnar eða í menningarstofnunum. Vinnuferli hans opinberar hvernig kerfin öðlast ósjálfrátt eigið líf og hafa tilhneygingu til að söga til sín vald. Kerfi sem kann í upphafi að hafa verið skapað til að ná utan um óreiðu og skipulagsleysi umhverfist á einhverju stigi á kostnað óreiðunnar og fjölbreytninnar, því allt nýtt sem kemur fram er fyrirfram mótað til þess að falla inn í það. Unnar Örn heillast af þessum kerfum en er í senn á varðbergi gagnvart þeim og þessir ólíku pólur mynda spennu sem er drifkrafturinn í myndlist hans.

There are not many who defend diversity in Iceland. When most of Icelandic society had jumped on the merry-go-round of the financial forces, Unnar Örn had his mind on other concerns, other values, and other systems. In his exhibitions one could take part in an unpredictable process, observe either accumulation or destruction, or look behind the scenes to catch a glimpse of something one might otherwise have missed. He still has his mind on options other than the obvious ones and now emphasizes the value and essence of the imperfect.

The Reykjavík Art Museum has invited Unnar Örn to exhibit in Hafnarhús and so he turns his attention to the institution as such, in a wider context as well as in terms of its inner workings. How is the culture of a society recorded, preserved, and used to reflect the self-image of the citizens and their history? Unnar Örn burrows through the museums of the City of Reykjavík which contain antiquities, art, architectural items, photographs, books, and documents. They hold objects which most will recognize – our cultural heritage – but they hide much more than what is generally exhibited. The majority of the objects in the collections have never been seen by the public. In his investigation, Unnar Örn focuses especially on items that relate to histories of individuals, the people who collected, recorded, created and left behind memories that ended up in the museums, and are preserved there. The value of such collections was clear to the individuals who assembled them at the time but may be unclear to us today.

# Unnar Örn

## In the Collection of Imperfection

### 1939-2010

Last year Unnar Örn exhibited in Agust Gallery, Reykjavik where he worked with photographs from the 1930s and 1940s by Sigurður Guttormsson, a bank employee. The photographs depict the homes of poor people in Iceland and Sigurður collected these images to demonstrate the class divisions in society and the dire poverty of the common people, demanding reforms to improve their lot. Sigurður's photographs have a different significance today, even though it may be unclear what exactly that significance is. This was the question raised by Unnar Örn's exhibition. The exhibition in Agust Gallery, *On the Specific Contribution of Iceland and Icelandic Society to the History of Imperfection*, can be seen as a preface to the exhibition in Hafnarhús.

In addition to bringing together little-known collections by individuals, held by the City of Reykjavik, Unnar Örn examines the image of the nation that authorities have chosen to project internationally at World Fairs. The Icelandic government first took part in such an exhibition in New York in 1939 and participates in Expo 2010, held in Shanghai. In this way, Unnar Örn's exhibition in Hafnarhús contrasts the quintessential public self-image projected by the nation and the hidden and imperfect narrative of the individual. It raises the question of the significance of public image making in relation to the experience of the country's citizens. Do they adapt to the image projected or do they have a part in creating it?

In general, it can be said that Unnar Örn's aesthetic reflects in equal measure the impulsivity of the artist and his measured consideration. He is captivated by the subject that he takes on at any time but also employs rigorous deconstruction and criticism when working with it. This methodology might be said to reflect the conflict between the two hemispheres of the brain, the logical workings of the left one and the intuitive approach of the right. The core of Unnar Örn's art is to be found in the shaping and expressing of thought, in the preservation of ideas, and the persistence of memory. His works show a search for the origin of meaning, the examination of that meaning, and an attempt to analyze its content. Such a reevaluation of sources, and their presentation in a new context, inevitably reveals other values and exposes the tension between the institution and the individual. Unnar Örn examines in detail various systems that have emerged in society, on the political scene, within the context of economic governance, or in cultural institutions. His method of working shows how these systems take on a life of their own and have a tendency to accumulate power. A system that may originally have been created to circumscribe something chaotic and unordered is at some point transformed to suppress chaos and diversity, and everything new that emerges is in advance shaped to fit the system. Unnar Örn is fascinated by such systems but is also wary of them. These conflicting impulses are the driving force in his art.

HEIMSSÝNINGIN  
/ WORLD'S FAIR  
1939







# HEIMSSÝNINGIN Í NEW YORK 1939


## Tilhögun sýningarinnar: Skýrsla sýningar- ráðs og framkvæmdarstjórnar

*Sýningarráð og framkvæmdarstjórn, sem undirbýr og annast þátttöku okkar Íslendinga í heimssýningunni í New York, hefir nú ákveðið tilhögun alla á sýningunni.*

...  
Eitt vandasamasta viðfangsefnið í þessu sambandi hefir það reynst að finna sjálfan þann grundvöll er sýningin yrði reist á. Öllum má ljóst vera, að tilgangur sýningarinnar er ekki síst sá, að brjóta íslenskum útflutningsvörum leið inn á heimsmarkaðinn í ríkara mæli en nú er kostur á. Það er ekki einungis, að sýningin fer fram í einu höfuðlandi heimsins, sem Íslendingum gæti orðið ómetanlegur hagnaður af að eiga viðskifti við, heldur mætast hjer á sama vettvangi þjóðir úr öllum álfum heims, og er þess vænst að hin íslenska þáttaka verði fyrir þá sök til þess að opna vörum vorum margvíslegar leiðir. Mjög nátengd hugmyndinni um að greiða fyrir viðskiftum vorum er sú viðleitni, að vekja almenna athygli á þjóðinni og menningu hennar, því að það er ekki eingöngu metnaðarmál fyrir þessa þjóð, að aðrir fái sem gleggsta hugmynd um líf hennar, heldur má það og augljóst vera, að menning þjóðarinnar er undirstaða þess, að erlendar þjóðir megi treysta framleiðsluháttum hennar á matvörum, sem er vandfarið með, en útflutningur slíkra vara er einmitt undirstaða hins íslenska atvinnulífs.

...


[Við aðalinngang] er Leifsstyttn úr bronze framan á skálanum. Hefir verið gerð sjerstök útbýgging á skálann sem skagar um 3 m. fram, og fyrir framan hana stendur styttn á stalli og er



því mjög áberandi úr fjarska, enda er styttn og fótstallurinn jafnstórt og líkneskið hjer heima á Skólavörðutorginu. Höfum vjer einir fengið þau sjerstöku hlunnindi að hafa svo stóra og áberandi styttnu framan á skála vorum. ... Hinum megin við innganginn er stór veggflötur, og er á honum innhleyptur reitur. Á miðjum reitnum er komið fyrir upphleyptu korti af Íslandi. Hægra megin, í efra horninu, er skjaldarmerki Íslands, í neðra horninu til vinstri vikingaskip, hvortveggja upphleypt, og verða þessar myndir allar málaðar í litum. Yfir dyrunum er sylla, og ofan á henni stendur ICELAND með stórum stöfum.

...

Þegar inn er komið, verður fyrst fyrir gestinum upplýsingaskrifstofa, sem stendur í sambandi við skrifstofu skálans, sem er þar fyrir innan. Þegar lítið er til vinstri, blasir við heill veggur. Verður gestinum fyrst starsýnt á kort eitt mikið, sem er 8 m. breitt og 8 m. á hæð og er



sýnir hnattstöðu Íslands og siglingaleiðina milli Íslands og Vínlands. ... Kortið takmarkast beggja megin af úbyggingu, og er annars vegar að neðan fyrir komið innbyggðri bogamynd, er sýnir Leif taka land vestan hafs, víkingaskip hans og föruneyti. Hinum megin í sömu hæð er jafnstór bogamynd af lendingu Lindberghs við Reykjavík. Fyrir ofan þessar myndir báðum megin eru innbyggð tjöld fyrir kvikmyndasýningar. Verður þar daglega sýnd Íslandskvikmynd.

...  
Eins og fyrr var sagt, veldur fjárskorturinn oss miklum erfiðleikum, því að vitanlega væri æskilegt að hafa sýninguna fullkornari og íburðarmeiri. En vjer höfum leitast við að sýna einkenni lands vors, fegurð þess og tign, lifnaðarhætti og atvinnuhætti þjóðarinnar á sannan, óbrotinn og eðlilegan hátt. Hvernig tekst að gefa hinum mörgu væntan-

legu sýningargestum rjetta og vinsamlega hugmynd um vora fámennu og fjarlægu þjóð og svifta burt þeim röngu hugmyndum, sem hinar erlendu þjóðir kunna að hafa um oss, verður dómur reynslunnar að skera úr. En það má öllum vera ljóst, að jafnframt því, sem þátttaka vor í sýningunni er djarft spor frá vorri hálfu, er það og geysi-þýðingarmikið fyrir þjóðlíf vort og atvinnuvegi. Vjer vonum það, að sýning vor geti orðið þjóðinni til sóma, en þess hljóta allir góðir Íslendingar eindregið að óska.

### **Bandaríkjamenn byggja heila borg fyrir heimssýninguna 1939**

#### *Skýrsla þriggja kunnra Vestur-Íslendinga til ríkisstjórnarinnar*

...

Að lokum vildum við mega benda á, að með því að svæðið er þetta stórt, eins og ákveðið er, þá má nota það á svo margvíslegan hátt til þess að gjöra íslenzku þjóðsýninguna sérstaklega aðlaðandi og frábrugðna öðrum þjóðsýningum. Barst einmitt þetta atriðið í tal við lista- deildarstjóra sýningarinnar, Mr. Vorhees, sem er sérfróður um þau efni. Félst hann á það eitt með öðru, sem oftast skorti á þjóðsýningar, að það væri staður innan skálanna, þar sem þreyttir gestir gætu hvílt sig um stundarbil, og þá notið upplýsinga um leið um landið og þjóðina, sem þeir væru staddir hjá. Einskonar hvíldarstaður, þar sem gestir jafnframt því sem þeir hvíldu sig, gætu horft á, í myndasýningu, fegurstu staði landsins. Sýning þessi yrði að vera hreyfimynd í eðlilegum litum, annars nyti landslagið sin ekki. Þá mætti og hylja alla veggj jafnt í sýningardeildinni sem annarsstaðar með málverkum, er annað hvort væru fest á veggina sem tjöld eða í römmum sem félli hlið við hlið. Sýning Íslands ætti að okkar álit, að leggja alla áherzlu á, að framleiða menningarhlið þjóðarinnar að fornu og nýju. Sú kynning verður happasælli í samkeppni þjóðanna en allt annað.

# Icelandic Pavilion World's Fair 1939

Iceland, with its 40,000 square miles, is the fourth largest island of the North Atlantic; with its population of 120,000 it is one of the smallest nations.

"Until the Great War, Iceland's export and import business was roundabout. Goods went to Denmark for transshipment to other countries; goods arrived in Denmark for shipment to Iceland. The war, however, forced us to take trade in our own hands and resulted in, among other things, direct shipping to the United States. Unfortunately these sailings were discontinued after the war when shipping was resumed in ordinary lanes...

It is the hope of Iceland that direct trade with the United States will before long be resumed to mutual advantage of our small nation and your great continent."

"Some of our "severest critics and best friends" have asked why we have a pavilion in the New York World's Fair. We are such a small nation that we are probably spending more per capita on our exhibit than any other country. Why are we doing this? One hope is, of course, for improved commercial relations. Running parallel with that is the hope for an exchange of cultural ideas. We want to know more about you and we want you to know more about us."

"Of recent years the traveling public seems to be in the process of "discovering" Iceland... We present to you a mountainous country with its long green valleys stretching far into the interior; with high plateaus divided by ice capped ranges; with volcanic formations that some visitor has aptly described as "congealed pandemonium" with rapid rivers and huge waterfalls; with far vistas made possible by the clarity of the air. From May to August we give you perpetual daylight or nights of slight darkness. Scenes shift and change before your eyes with nuances of sun or moonlight. The variety of colors and infinity of form are at once the joy and the despair of the painter."

"Lastly, we present to you the people of Iceland, not in our own words but in those of an American, Mr. W.S.C. Russell, who writes in his Iceland: "From this virile race (of Vikings) are the modern Icelanders described. They are kindly, honest race; kind to each other and to the stranger within their bodies, hospitable with a hospitality which is almost unknown in our selfish race, honest beyond all questions."

*Excerpts from the official guidebook  
of the Icelandic Pavilion in the New York  
World's Fair 1939.*

# AGRICULTURE



**Jón Þorleifsson**, listmálari, fæddist árið 1892 að Hólum í Hornafirði og lést árið 1961. Hann kom fram í kjölfar frumkvöðla landslagsmálverksins og voru verk hans mörg hver sótt í náttúruna undir Vatnajökli. Jón fór til náms í Kaupmannahöfn og París og varð sérstaklega áhugasamur um impressjónisma og verk Paul Cézanne. Jón fékkst alla tíð við landslagsmálun en auk þess var atvinnulíf og kyrralíf viðfangsefni hans og expressjónískra áhrifa gætti á síðari hluta ferils hans. Hann var ötull í félagsstörfum myndlistarmanna og tók þátt í uppbyggingu Listamannaskólans við Kirkjustraeti. Einnig fékkst hann fyrstur Íslendinga við listgagnrýni á opinberum vettvangi frá árinu 1931 og hélt þeim starfa hjá Morgunblaðinu fram á sjötta áratuginn.

*Jón var fenginn til að mála mynd fyrir íslenska skólann á Heimssýningunni 1939 sem sýndi sjóndeildarhring í íslensku landslagi. Verkið var í formi langs tjalds sem teygði sig eftir svalavegg undir handriði annarrar hæðar sýningarskólans. Upprunalegar skissur Jóns að þessu verki, sem nú er týnt, voru góðfúslega fengnar að láni á sýninguna frá Rakel Pétursdóttur.*

**Jón Thorleifsson**, artist, was born 1892 in Hólar in Hornafjörður and died 1961. He was one of the second generation of modern Icelandic landscape painters, seeking inspiration in the nature by the Vatnajökull glacier. Thorleifsson went to Copenhagen and Paris to study painting and became especially interested in impressionism and the work of Paul Cézanne. Thorleifsson also painted still-lives, and sought motifs of work and industry. Thorleifsson was dedicated to improving the professional working environment of artists; he was, for example, involved in building the Artists' House in Kirkjustraeti which was intended solely for art exhibitions. He was the first Icelander to write public art reviews, which were published from 1931 to the 1960's in Morgunblaðið, one of Iceland's newspapers.

*Thorleifsson was commissioned to make a painting for the Icelandic pavilion at the 1939 World's Fair, showing a panorama view of an Icelandic landscape. The work was in the form of a long curtain stretched along the rail of the second floor mezzanine. Thorleifsson's original sketches for the painting, which is now lost, were kindly borrowed for this exhibition from Rakel Pétursdóttir.*

**Vígfús Sigurgeirsson**, ljósmyndari og kvikmyndagerðarmaður, fæddist árið 1900 og lést 1984. Á árunum 1935-1937 ferðaðist hann um Evrópu til að kynna sér nýja strauma í ljósmyndun og kvikmyndagerð. Meðal kvikmynda hans eru þjóðháttamyndir sem sýna þjóðlíf og forn vinnubrögð á Íslandi. Sem ljósmyndari er hann einkum kunnur fyrir skrásetningu á vegum opinberra stofnana, en hann starfaði fyrir forsetaembættið í fjölda ára og fylgdi eftir starfi og ferðum fyrstu forseta lýðveldisins allt frá 1944. Þá skræði hann samtíma sinn, atvinnuhætti og hversdagslíf, en einnig náttúru landsins. Vígfús gaf fyrstur Íslendinga út ljósmyndabók, Myndir frá Íslandi, árið 1930 sem innihélt 35 landslagsljósmyndir og hélt sýningar á verkum sínum í Hamborg, New York, Kaupmannahöfn og Reykjavík.

*Kvikmyndir eftir Vígfús voru sýndar í íslenska skólann á Heimssýningunni 1939. Ekki er vitað nákvæmlega hvaða myndir voru sýndar eða með hvaða hætti, en þó hefur varðveist brot úr einni mynda hans Wild Fairy Land, eða Álfalandið villta. Kvikmyndasafn Íslands lánar þessi brot góðfúslega til birtingar á sýningunni.*

**Vígfús Sigurgeirsson**, photographer and filmmaker, was born 1900 and died 1984. In the years 1935-1937 Sigurgeirsson traveled to Europe to explore changing trends in photography. Among filmic works he made two films depicting folk customs and traditional agricultural methods in Iceland. As a photographer he is known for his official documentation for governmental institutions, he documented for example the life and works of the first Presidents of Iceland from 1944 onwards on behalf of the office of the Icelandic Presidency. He also documented everyday life and industry in Iceland, as well as its nature. Sigurgeirsson was the first Icelander to publish a photographic book in 1930, and he exhibited his work widely, for example in Hamburg, New York, Copenhagen, and Reykjavík.

*Films by Sigurgeirsson were on display in the Icelandic pavilion at the World's Fair in 1939. It is unknown which of his films were exhibited and how, but fragments of one film, Wild Fairyland, are preserved. The National Film Archive of Iceland kindly provides the footage on display in the exhibition.*

# Stofnanir / Institutions

## Byggingarlistasafn Reykjavíkur

Meðal fimm aðskildra safneigna Listasafns Reykjavíkur er safneign byggingarlistardeildar sem var stofnuð árið 1993. Á vegum byggingarlistadeildar er unnið að uppbyggingu safns með líkönum og frumteikningum eftir íslenska arkitekta og húsameistara. Einnig hefur byggingarlistadeildin umsjón með bókasafni Arkitektafélags Íslands auk nokkura sér-safna einstakra arkitekta. Þá hefur markvisst verið safnað margs konar heimildum um íslenska byggingarlist s.s. ljósmyndum og tímaritum.

## Ljósmyndasafn Reykjavíkur

Ljósmyndasafn Reykjavíkur var upphaflega stofnað sem einkafyrirtæki árið 1981 en árið 1987 eignaðist Reykjavíkurborg safnið. Það er eina sjálfstætt starfandi ljósmyndasafnið á landinu. Safninu er ætlað að byggja upp, skrá, varðveita og sýna safn íslenskra ljósmynda sem varpa ljósi á sögu greinarinnar.

## Minjasafn Reykjavíkur

Minjasafn Reykjavíkur hefur starfað í núverandi mynd síðan 1968 þegar það var sameinað Árbæjar-safni, en hvort um sig eiga söfnin lengri sögu aftur á fimmta og sjötta áratug tuttugustu aldar. Minjasafn Reykjavíkur sinnir rannsóknum á sögu borgarinnar og minjavörslu, í því felst að hafa umsjón og eftirlit með menningarminjum í landi Reykjavíkur, svo sem skráningu og eftirlit fornleifa og gamalla bygginga.

## Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafnið telst stofnað árið 1863 og höfðu íslenskir þjóðgripir fram að því einkum verið varðveittir í dönskum söfnum. Það var fyrstu áratuginu til húsa á ýmsum stöðum í Reykjavík en við stofnun lýðveldis 1944 ákvað Alþingi að reisa safninu eigið hús og var flutt í það um 1950. Árið 1998 var ráðist í gagngera viðgerð og breytingar á safnhúsinu við Sudurgötu. Nýupp-gert Þjóðminjasafn með nýjum grunnsýningum og sérsýningum opnaði árið 2004. Þjóðminjasafnið er vísinda- og þjónustustofnun í eigu íslenska ríkisins. Því er ætlað að vera miðstöð þjóðminjavörslu og rannsókna á menningarsögulegum minjum í landinu. Hlutverk þess er að auka og miðla þekkingu á menningararfi

íslensku þjóðarinnar frá upphafi til vorra daga og stuðla að því að sem flestir geti haft gagn og gaman af sögu og minjum lands og þjóðar.

## The Architecture Department of the Reykjavík Art Museum

The Architecture Department is one of five independent collections in care of the Reykjavík Art Museum since 1993. The department focuses on collecting source material, drawings and models of 20th century Icelandic architecture, the modern movement in particular, as well as documentation on the work of Icelandic architects.

## Reykjavík Museum of Photography

Founded as a private enterprise in 1981, Reykjavík Museum of Photography has been run by the City of Reykjavík since 1987. It is the only independent museum of photography in Iceland. The purpose of the museum is to collect, catalogue, preserve, and exhibit Icelandic photographic material.

## The Reykjavík City Museum

Founded in its current form in 1968, the history of the Reykjavík City Museum is rooted in two institutes from the fifties and sixties. The museum is responsible for collecting, conserving, and researching objects from Reykjavík's cultural history, and promulgating knowledge of the history and living conditions of the people of Reykjavík since Settlement Age up until present day.

## The National Museum of Iceland

The National Museum was established in 1863 and was housed in several different places in Reykjavík during the first decades. In 1944 the Icelandic Parliament decided to build a permanent home for the museum at Sudurgata and the collections have been housed there since 1950. Now, six decades later, the National Museum of Iceland has been entirely refurbished to meet present standards and requirements. The role of the museum is to increase, preserve, and relay knowledge of Icelandic cultural heritage, from the times of the nation's earliest settlement to the modern day.

# Ásthildur Magnúsdóttir

Ásthildur Magnúsdóttir, textílgerðarkona, er fædd árið 1959 og er búsett á Selfossi. Hún er stúdent frá Menntaskólanum á Akureyri og nam finnsku við Háskóla Íslands. Á árunum 1991 – 2003 sótti hún ýmis námskeið í handverki, vefnaði, spuna og litun, bæði í Svíþjóð og Noregi. Hún hefur starfað síðan árið 2003 með Þingborgarhópnum, en það er félagsskapur kvenna um ullarvinnslu og handverk sem hefur verið starfandi í gamla Þingborgarhúsinu austan við Selfoss síðan um 1990. Ásthildur hefur lagt stund á handverk allt frá barnsku, en í dag sérhæfir hún sig í framleiðslu gerufelda. Þá vefur hún damaskpúða og áklæði með eigin mynstri auk þess að hánna og þrjóna peysur. Feldur eftir Ásthildi þryðir Þorgeirskirkju í Þingeyjarsveit.

*Ásthildur handlitaði bómullarefni með litunarmosa (*Parmelia saxatilis*) og setti saman í tjalð fyrir sýninguna. Í safni Ófullkomleikans 1939-2010, í Hafnarhúsi.*



Ásthildur Magnúsdóttir, textile artist, was born in 1959 and currently lives in Selfoss, Iceland. She graduated high school in Akureyri and studied Finnish at the University of Iceland. During the years 1991 – 2003 she attended various courses in crafts, weaving, spinning, and dyeing in Sweden and Norway. Since 2003 she has been working with the Thingborg group which focuses on wool production and crafts, and has had an active workshop since 1990 in the old Thingborg house east of Selfoss. Having had interest in craftsmanship since childhood, Magnúsdóttir currently specializes in the production of traditional fur coverlets. She weaves pillows and upholstery using her own patterns, and also designs and knits sweaters. A fur by Magnúsdóttir is on display in the church of Þorgeirskirkja in the North of Iceland.

*Magnúsdóttir hand dyed cotton fabric with dyeing lichen (*Parmelia saxatilis*) and assembled as a curtain especially for the exhibition. In the Collection of Imperfection: 1939 – 2010, in the Reykjavik Art Museum.*





# Axel Helgason

Axel Helgason, módelsmiður, fæddist í Reykjavík árið 1909 og lést þar árið 2001. Frá sex ára aldri ólst hann upp hjá vandalausum að Hrepphólum í Hrunamannahreppi. Hann lærði húsmiði en starfaði lengst af við smíðar á mólum, fyrst hjá húsameistara ríkisins, Guðjóni Samúelssyni, og síðan hjá Reykjavíkurborg allt þar til hann lét af störfum áttræður að aldri. Verk Axels voru víða á heimilum og í skólum, en hann var frumkvöðull í gerð upphleypra landakorta. Þau eru einnig í vörslu Þjóðhöfðingja um heim allan því Íslandskort hans voru rómuð fyrir nákvæmni og vandvirkni og gjarnan notuð til opinberra gjafa. Axel vann að gerð Íslandskortsins sem var um árabil í BSI við Kalkofnsveg og hafði umsjón með gerð Íslandskortsins sem enn stendur í Ráðhúsi Reykjavíkur, þá kominn á eftirlaunaldur.

*Módel á sýningunni eru fengin að láni frá Byggingarlistasafni Reykjavíkur og eru öll smíðuð af Axeli Helgasyni.*



Axel Helgason, model builder, was born in Reykjavík in 1909 and died in 2001. He studied carpentry but worked as a model builder for the better part of his life, first for Guðjón Samúelsson at the State Architectural Office, and later for the city of Reykjavík. Helgason's work was found widely in Iceland as he was a pioneer in the making of three dimensional maps. His maps, praised for their precision and artistry, were often given as presents by Iceland's leaders on official occasions. Among Helgason's works is a map of Iceland which was displayed for years in the main bus terminal at Kalkofnsvegur, and after reaching retirement age he supervised the construction of the map of Iceland currently on display in Reykjavík City Hall.

*The models exhibited are on loan from the Architecture Department of the Reykjavík Art Museum and are all built by Axel Helgason.*





# Skafti Guðjónsson



Skafti Guðjónsson, bókbindari, fæddist árið 1902 í Laxárholti, Hrunamannahreppi, og lést í Reykjavík árið 1971. Árið 1919 hóf Skafti bókbandsnám í Ísafoldarprentsmiðju og lauk sveinsprófi hjá Þórði Magnússyni fjórum árum síðar. Hann starfaði á Prentstofu Ágústs Sigurðssonar á þriðja og fjórða áratugnum, en frá 1942 vann hann á bókbandsvinnustofu Landsbókasafns Íslands þaðan sem hann lét af störfum árið 1969 vegna veikinda. Hann þótti hagleiksmaður í bókbandi og var sóst eftir honum til ábyrgðarverkefna. Strax á námsárunum hafði Skafti aukavinnu í Nýja bíói þar sem hann vísaði til sætis og vann hann þar allt til 1942. Hann sinnti margháttaðri söfnun, til dæmis á frimerkjum og ýmsu sem við kom dægurmenningu. Söfnunaráráttan skilaði sér hvað best í viðamiklu ljósmyndasafni sem hann batt sjálfur inn af listfengi, skrásetti og merkti vandlega á árunum 1921 – 53. Skafti tók myndir sér til dægurstyttingar frá unga ára aldri og sýna þær tíðarandann fyrir og eftir seinna stríð, en einnig er að finna í safni hans einstakar heimildir um sögulega viðburði.

*Myndaalbúm Skafta Guðjónssonar eru fengin að láni frá Ljósmyndasafni Reykjavíkur.*

Skafti Guðjónsson, bookbinder, was born 1902 in Laxárholt in Hrunamannahreppur and died 1971 in Reykjavík. In 1919 he started an bookbinding apprenticeship in Isafold Printing house where he got his degree under the supervision of Thordur Magnusson. During the thirties and forties he worked in the Print Shop of Ágúst Sigurdsson, but from 1942 onwards he worked at the National Library Print shop until retiring for health reasons in 1969. A skilled bookbinder, Guðjónsson was in much demand for projects requiring precision and care. From early age and until 1942 he also held a part time job in Nýja Bíó Cinema as an usher. He was a passionate collector of memorabilia of all kinds, for example stamps and items of popular culture. His love for collecting was clearly manifested in the extensive collection of photographs he took between 1921 and 1953. He bound the collection himself with great artistry, and documented and captioned the pictures clearly. Guðjónsson was an avid photographer and his pictures reflect the spirit of the life in Reykjavík around World War Two, but his archives also contain unique photographs of historic events.

*The photographic collection of Skafti Guðjónsson is on loan from Reykjavík Museum of Photography.*



Skafti.

Skafti.

# Karólína Guðmundsdóttir



Karólína Guðmundsdóttir, vefari, fæddist árið 1897 að Þóroddsstöðum í Grímsnesi og lést árið 1981. Foreldrar hennar fluttu til Hafnarfjarðar árið 1912 og reistu þar Þóroddsstaði við Hafnarfjarðarveg. Karólína nam vefiðn í Kaupmannahöfn á árunum 1920-23, fyrst við Dansk Kunstlivsforening og síðan í læri á þekktri vefstofu Frk. Siegenfeldt. Við komu sína til landsins að námi loknu hélt Karólína sýningu á vefnaði í Listvinafélaginu. Árið 1936 stofnaði hún vefstofu á Ásvallagötu 10A og óf hún þar meðal annars áklæði, gluggatjöld og jafa, jafnt fyrir einstaklinga og opinberar stofnanir. Þá sérhæfði hún sig einnig í kniplingagerð. Vefstofu sína rak Karólína til ársins 1973, en þá tók frænka hennar sem lengi hafði starfað hjá henni við stjórn. Í efnisskorti eftirstriðsáranna starfrækti Karólína sjö vefstóla, en lengst af störfuðu með henni tveir eða þrjú vefarar.

*Efnisprufur unnar á vefstofu  
Karólína Guðmundsdóttur eru fengnar  
að láni frá Minjasafni Reykjavíkur.*

Karólína Guðmundsdóttir, weaver, was born 1897 at Þoroddsstadir in Grímsnes and died 1981. In 1920-23 Guðmundsdóttir studied weaving in Copenhagen at the Dansk Kunstlivsforening, and later apprenticed with the renowned weaver Mrs. Siegenfeldt. Upon returning to Iceland she exhibited her weaving at the Listvinafélag House. In 1936 she founded a weaving company housed at Ásvallagata 10A, where she weaved, for example upholstery, curtains and embroidery gauze, for individuals as well as public institutions. She also specialised in bobbin lacemaking. Guðmundsdóttir ran her company until 1973 when her niece, who had been working with her for years, took over the business. During the time just after World War Two, when there was little import to Iceland, she operated seven weaving stands, but most of the time she employed two or three weavers.

*Fabric samples made by  
Karólína Guðmundsdóttir's weaving company  
are on loan from the Reykjavík City Museum.*



# Sveinn Kjarval

Sveinn Kjarval, hönnuður, var fæddur í Danmörku árið 1919 og lést þar árið 1981. Hann lauk prófi í húsgagnsmíði í Kaupmannahöfn árið 1938 og kom til Íslands ári síðar þar sem hann starfaði við smíðar og verkstjórn. Eftir að hafa unnið fyrir bandaríska herinn í Reykjavík flutti hann aftur til Danmerkur að stríði loknu. Þar lagði hann stund á nám í innanhússarkitektúr í Kunst haandværkeskolen og lauk prófi árið 1949. Aftur kom hann til Íslands og starfaði í tvo áratugi að hönnun og við kennslu í handiðaðeild Kennaraháskólans áður en hann sneri til Danmerkur á ný árið 1969 þar sem hann starfaði sem vélasmíður í húsgagnaverksmiðjum til dauðadags. Sveinn var fenginn til að hanna útlit veitingahússins Naustsins ásamt því að velja honum nafn. Staðurinn opnaði árið 1954 og þar sveif andi sjósóknar yfir vötnum, til dæmis var líkt eftir borðsal í gömlu skipi og barinn byggður úr rekavið. Meðal annarra verka hans voru innréttingar í gamla Þjóðminjasafninu, á Landsspítalanum og í bókhöðunni á Bessastöðum, auk þess sem hann vann að skipulagningu og uppsetningu fjölmargra sýninga hér á landi.

*Sveinn Kjarval hannaði og smíðaði sýningarkassa sem eru fengnir að láni frá Þjóðminjasafni Íslands.*

Sveinn Kjarval, designer, was born in Denmark 1919. In 1939 after completing his training in cabinetmaking in Copenhagen he moved to Iceland where he worked as a carpenter. During World War Two he worked for the American army in Reykjavik but moved to Denmark again after the war where he studied interior design at the Kunst haandværkeskolen, receiving his degree in 1949. Kjarval returned to Iceland and worked as a designer and crafts teacher at the Teacher's Training College. Kjarval was asked to design the popular restaurant Naustid in Reykjavik which opened with its seafaring theme in 1954. Among other works he designed the interior of the National Museum, the National Hospital, the Presidential Library in Bessastadir, as well as organizing and installing numerous exhibitions. Kjarval returned to Denmark in 1969 where he worked as a mechanic in furniture factories until his death in 1981.

*Sveinn Kjarval designed and built the exhibition cases on loan from the National Museum of Iceland.*





# Lykill að safni

Ég sat á kaffihúsinu sem er innan í samgöngu-safninu í Skógum, beit í kanelnúð og punktaði hjá mér: Gjöfin er brú á milli innstu hirslna hvers og eins og hinnar opinberu sögu, hún birtir viljann til þátttöku í sköpun sögu landsins og heimsins. Seppi kinkar kolli ákafur, gefur merki með fingrinum um að ég sé með puttann á púlsinum og ég held áfram að vera spekingsleg.

Gjöf persónulegs safns til hins opinbera er stórmál. Gefandinn verður að geta treyst viðtakandanum til að meðhöndla safnið af virðingu. Sumir setja ákveðin skilyrði með gjöfinni til að reyna að tryggja velfarnað hennar en það er illa séð af flestum opinberum söfnum, enda reynist oft snúið að svara kvöðunum, misraunsæjum eða réttmætum. Sá sem tekur á móti, hinn opinberi minjavörður, verður líka að treysta því að safnið hafi varðveislugildi. Oft er erfitt að trúa því frammi fyrir hrúgu af einhverju sem virðist ekki bera merki öðru en töpuðu stríði við óreiðuna.

Þeim er oft vandi á höndum sem situr uppi með safn einhvers sér nákomins, vitandi að þeim látna þótti mikilvægt að safnið yrði til áfram og fyrir aðra. Ég kom á vettvang þar sem erfingjarnir stóðu í miðjum haug af verðmætum og vissu ekki hvar ætti að byrja. Sjálfsgagt er freistandi fyrir suma að forsmá varðveislubrú þess látna, henda öllu í poka og fara með á haugana. Aðrir hafa mikið fyrir því að gefa safnið til einhvers minjasafns. Safnverðir kysu líklega flestir að koma sjálfir á staðinn til að reyna að átta sig á skipulagi safns sem verið er að gefa svo tilfærslan yfir í þeirra safn lukkaðist betur. Jafnvel fyrir þrautþjálfadan fagmanninn getur reynst erfitt að átta sig á skipulags- og skráningarkerfi safnsins sem verið er að gefa og leiðarvísir að kerfinu

fylgir sjaldnast með. Eins mótsagnakennt og það virðist kostar það skildinginn að taka við gjöfum og gera þeim skil, þær hlaðast upp í geymslunum og minjaverðirnir fara að fá martraðir.

Þegar menn hafa öðlast viðurkenningu í samfélaginu er leitast við að geyma og sýna söfn þeirra í heild. Hinir óþekktu sérviskupúkar verða hins vegar oft að sæta því að söfnum þeirra sé sundrað og þeim sáldrað inn í stóru safnheildina. Safnverðir leitast þó við að halda heildarmyndinni til haga og varða leiðina til upprunans. Safnvörðurinn verður ekki eingöngu að vera samviskusamur og trúr hverjum hlut heldur jafnframt að vera vakandi fyrir lífrænum venslum þeirra, hann þarf að vera skapandi listamaður ef honum á að takast að umbreyta dauðri hrúgu af drasli í frjó mold fortíðar og framtíðar. Hann verður að blása í hjartaglóðir safnsins og endurnýja eld þess. Eins og sá sem elskar getur blásið í glóðir annars unnanda svo hann haldi áfram að gefa af sér fegurð. Og eins og varðveita má neista náttúrunnar með mikilli kúnt í ilmvatni. Starf hins organíska arkívista er því ærið, segi ég við Seppa, hann er kófsveittur og snýr snældunni í upptöku-tækínu við. Ég er alveg að klára, segi ég með augunum. Hann gefur mér merki um að halda áfram en hraða heldur á frásögninni.

Mig langaði að kanna þetta gjafa- og móttökuferli og komast að hjarta safnanna. Sérstaklega var gaman að fá að lesa bréf sem fylgja gjöfum, þar sem safnarinn reynir að gera sitt sérstaka kerfi skiljanlegt og aðgengilegt fyrir aðra og vinna traust þess sem tekur á móti gjöfinni, sumir eru svolítið þóttafullir, jafnvel frekir, og vilja að þeirra söfn séu alltaf í öndvegi á opinberum sýningum. Bréfin sem minjaverðirnir senda til baka eru



sum hver fagleg og vinsamleg, önnur hrokafull og örugglega niðurlægjandi. Eins og ástarbréf. Í gegnum þau má stundum sjá glitta í rökvisi hinna opinberu safna sem er sjaldnast orðuð beint. Arfurinn er grisjaður og minningar þjóðarinnar eru búnar til án þess að hvötin til þess og aðferðin við það sé rædd og réttlætt sérstaklega. Sú umræða er nú öll að lifgast, segi ég og halla mér aftur og sýni með höndunum hvernig ég sé fyrir mér lítil torg innan í hverju safni þar sem haldnar eru samdrykkjur og Sókratesar safnanna, ljósmæður minninganna, miðla af reynslu sinni og örva samræðuna um það sem skiptir máli.

*Oddný Eir Ævarsdóttir - Brot út skáldsögunni*

*Heim til míns hjarta, ilmskýrsla um árstíð á hveli.*

*bls.150-153, Þjartur, 2009.*

I glance around and see a mole standing on a heap of books; this must be the librarian. I walk up to her and order several books. She indicates by gestures that it may take a while but she'll bring the books to my table as fast as she can. She's cute, with those smudgy glasses, rushing off down to the cellar below the cellar.

When I open the first book she brings me dirt rains off, and what a smell: earth, leather, carbon ink. My heart softens with delight at being able to handle such a treasure; I'm so glad it was saved from the book-pyre of European politics. Through the first half of the book I read this ingenious analysis tracing the threads that warp and woof the web of our cultural heritage. Then, in the second half, the game turns dark; the pages blur. For one thing the print is tiny but also the author's grit is turning into stubbornness, his passion to obsession, his tolerant outlook to

harsh judgment; he feels compelled to offer an answer to everything under the sun, shower you with preconceptions, and leap to conclusions.

Books that take a serious approach to thought are often at their most exciting just as the author is getting ready to break out the solution to his problem, as he's laying out the difficulty, tracing the complexities, and rolling up his sleeves. But if he then tries to go on to claim new territory, beyond his problem, it's as if he loses his footing and tumbles into the very pitfalls he so artfully warned others away from. Plants the flag of victory, bearing his own crest.

I close the book. I have no patience for this chest-thumping drivel. Fortunately other thinkers have soldiered on ahead, blazing the trail I'm on. Not that my way is clear; it's as if everyone has to break through to an opening, blazed trail or not. It makes no difference who found the way first, only that more and more people join hands in finding a route to the past that bypasses the one that's crowded and studded with flags.

The air is stuffy, unbearably hot, like a lead mine. I lay my head down on the desk. I can hear the mole closing up the library. I stir but find myself powerless to move. Call out to the mole but she's nowhere in sight; doubtless she's gone down to the cellar to eat worms. The man of fire was right: It was not a good idea to come here. If only I'd gone out to the island with the others, and swum in the sea instead!

*Fragments from a novel by Oddný Eir: Home to My Heart: a perfume report on a season at the sanatorium.*

*Translation by Sarah Brownsberger.*

# HEIMSSÝNINGIN / EXPO 2010

## Um sýningu Íslands á Expó 2010

„Hrein orka – heilbrigt líferni“ er yfirskrift íslenska skálans á EXPÓ 2010. Henni er ætlað að endurspeglar náð samband Íslendinga við náttúruöflin sem mótað hafa eyjuna í Norður Atlantshafi í gegnum aldirnar. Aðaláherslur þátttöku Íslands á Sýningunni verða á sviði endurnýjanlegra orkugjafa, þekkingariðnaðar og ferðamennsku. Leitast verður við að útskýra fyrir sýningargestum í Sjanghæ hvernig á Íslandi sé að finna jarðhita og stærstu jökla Evrópu. Saman skapa þessi náttúrufyrirbæri gjöfuga orkuauðlind.

Heimssýningin í Sjanghæ verður sú stærsta og umfangsmesta sem haldin hefur verið með þátttöku 197 þjóða og u.þ.b. 60 alþjóðastofnanna undir yfirskriftinni “Betri borg, betra líf”. Heimssýninginn er kjörinn vettvangur til að byggja upp ímynd Íslands á alþjóðavettvangi en gert er ráð fyrir að um 70 milljónir gesta heimsæki heimssýninguna.

Ríkisstjórn Íslands tók ákvörðun um þátttöku í Expó 2010 þann 11. janúar 2008. Þrátt fyrir að aðstæður hefðu breyst mikið, ákvað Alþingi í lok desember s.l. að veita 140 m.kr. til verkefnisins. Heildarkostnaður við hönnun, uppsetningu og rekstur íslenska skálans er áætlaður um 210 m.kr.

Grunnhugmyndin að íslenska skálanum á Heimssýningunni 2010 í Sjanghæ er að skapa ímynd jökulíss á prentaðan striga sem verður baklýstur að kvöldlagi. Notaðar verða ljósmyndir af jökulís í nærmynd þar sem greinilega má sjá hin flóknu mynstur sem myndast við hreyfingar, bráðnun og vöxt jökla. Mynstrin eru dregin fram í dagsljósið enn frekar með aðstoð grafískra hönnuða.

Framan við innganginn á íslenska skálanum er ætlunin að klæða útveggj með íslensku hrauni og LED sjónvarpsskjám, en þeir munu þjóna sem upplýsingaveita til gesta skálans.

Inni í skálanum verður notast við myndvörpur í hárrí upplausn til að varpa 8 mínútna stuttmynd um Ísland á kvikmyndastriga meðfram veggjum og lofti skálans og skapa þannig umlykjandi rými myndar og hljóðs. Leitast verður við að skapa andrúmsloft í skálanum eins líku því og fyrirfinnst á Íslandi. Verður það gert með því að kæla loftið í skálanum meira en gengur og gerist á heitum sumrum í Sjanghæ og notuð verða íslensk fjallagrös til að gefa skálanum keim álíka þeim er finna má úti í íslenskri náttúru undir heiðbláum himni. Ætlunin er þannig að flytja gesti á Heimssýninguna 2010 í Sjanghæ til Íslands í hugarum.

Landkynningarátak á sýningunni mun ganga út á að kynna mikilvægi náttúrulegra orkuauðlinda á Íslandi annars vegar og menningar, bæja- og borgarsamfélaga hins vegar. Fléttast það saman við aðalpema sýningarinnar – Betri borg, betra líf – en löndin 197 sem skráð eru til leiks munu öll leggja sig fram við að kynna framfarir á sviði betrubætingar borgarlífs.

Eins og Íslendingum flestum er kunnugt um, þá eru erlendir gestir sem koma til Íslands jafnan kallaðir Íslandsvinir jafnvel þótt heimsóknir þeirra séu örstuttar. Íslenski skálinn á Heimssýningunni 2010 í Sjanghæ mun halda í þá hefð og gera gesti skálans að Íslandsvinum.

Þátttaka Íslands í EXPÓ 2010 er einstakt tækifæri fyrir íslensk fyrirtæki og stofnanir til að kynna vörur sínar og þjónustu á Kínamarkaði. Sérstök viðskiptamiðstöð verður starfrækt í skálanum með aðstöðu til funda- og ráðstefnuhalda. Þá verður boðið upp á sérstaka ráðgjafþjónustu fyrir íslensk fyrirtæki í þeim tilgangi að nýta sem best þau tækifæri sem í Sýningunni felast.

*Mai 2010. Texti tekinn af heimasíðu íslensku þátttökunnar á Expo 2010 í Sjanghæ, [www.expo2010.is](http://www.expo2010.is)*

## About the Icelandic participation in Expo 2010

"Pure Energy - Healthy Living" is the theme of the Icelandic Pavilion at the 2010 World Expo Shanghai, reflecting the deep relationship Icelandic people have with the natural forces that forever shape their island and how they have learned to harvest its energy to improve their lives. Iceland is home to some of the world's most active volcanoes and geysers; it features Europe's biggest glaciers that in turn feed rivers and waterfalls. Together they create an abundant resource for non-polluting energy production, both hydro and geothermal.

The Government of Iceland decided to participate in the EXPO 2010 on 11 January 2008. Despite the current situation in Iceland, the Parliament granted 140 million ISK to the project. The total cost of designing and running the Pavilion for Iceland is estimated to be around 210 million ISK.

The concept for the Icelandic Pavilion is to create the image of an ice cube made of backlit printed fabric on the exterior that captures the complex ice patterns that are only visible within a glacier. Inside the Pavilion a short movie will be projected on to white screens along the walls and ceiling that make up an all encompassing sound and image capsule. The idea is to transfer visitors to Iceland. The atmosphere inside the pavilion will be cooled down and dehumidified below common practice to create a cool and tranquil little Iceland at the heart of the World Expo.

The Icelandic Expo pavilion seeks to explain the fundamental relationship between nature and energy on one hand and Iceland's people, urban areas and culture on the other. Using a surrounding high definition video projection, a story of survival and success unfolds, bringing visitors from the Shanghai Expo to the peaceful and crystal clean environment of Iceland. Visitors to our Pavilion in Shanghai will get the feeling that they are approaching a cool refreshing sanctuary within the hot and humid city of Shanghai. The front entrance will be

clad with Icelandic lava stone which will incorporate TV monitors displaying information on Iceland's nature, culture and economy.

In Iceland, famous musicians, actors and other celebrities from abroad are often referred to as "Friends of Iceland," (or "Íslandsvinur", in Icelandic) even if they only come to Iceland for a brief visit. The Iceland Pavilion will keep this long standing tradition alive and make every visitor to the Pavilion a Friend of Iceland.

The main purpose of the Iceland Pavilion at the 2010 World Expo Shanghai is to assist Icelandic enterprises and promote their products and services. In order to achieve a cool and successful Pavilion, the Icelandic Participation has cooperated with sponsors, partners, Nordic friends and others who have since become Friends of Iceland.

*May 2010. Text from the website of the Icelandic Pavilion to the 2010 World Expo Shanghai, [www.expo2010.is](http://www.expo2010.is)*



# HEIMSSÝNINGIN / EXPO 2010



HEIMSSÝNINGIN. EXPO2010. SJANGHAI

YFIRIN ÖÐRA  
HEILANDI LÖFNUM

# 冰島





### „Skylda niðjanna, saga forfeðranna“

Með þessari sýningu lýkur enn einum kafla í sögu íslenskrar myndlistar. Vér lokum sýningaraðstöðunni að Skólavörðustíg 4a.

Eftir leika minningar líkt og óljósir skuggar á vegg. Það tóma rými er eftir stendur, þá litlu stund áður en það breytist í eitthvað allt annað, bergmálar hlutskipti listarinnar í dag. Hlutverk skráðra og óskráðra minningarbrota er hafa skolast bæði til og frá vitundinni.

Saga þessa staðar er saga íslenskrar myndlistar á sinn hátt. Saga sigra, misskilnings, endurteknunga, þroska, heimsku, fegurðar, framhleyptni, dónaskapar, gáfna, kreppu, umræðu, þagnar, þáttöku, afbrýðissemi, minnimáttarkenndar, oblátungsháttar, hörku, undanlátssemi, vonsku, hagleiks, klaufaskapar, mikilmennsku, niðingsháttar, klæmni, góðmennsku og hvers annars er nútímann prýða.

Samt sem áður getum við huggað okkur við eitt, og það er, að það sem gerist, gerist aftur. Það gerist á sama hátt og í sömu röð, meðan landið líkist landinu sjálfu og niðjar, niðjum þess í dag. Vér eigum aðeins einn kost, sér hver einn og einn. Höldum merkjum vorum hátt á loft og víkjum hvergi.

BA.

#### *November 1994.*

*Birgir Andrésson fyrir sýninguna Fundin ný lönd í Gallerí II - sem var 12. og 13. nóvember 1994.*

### “Duty of the descendants, story of the ancestors”

With this exhibition, one more chapter in the story of Icelandic art comes to an end, as we are closing the exhibition space at Skólavörðustígur 4a.

Memories like blurred shadows on a wall are left behind. The empty space that still remains, for the short duration before it is transformed, reflects the role of art today – documented and undocumented memory fragments that drift in and out of consciousness.

The story of this place is in a way the story of Icelandic art. The story of victories, misunderstandings, repetition, growth, stupidity, beauty, forwardness, rudeness, intelligence, recession, discussion, silence, participation, jealousy, inferiority complexes, vanity, toughness, easy persuasions, wickedness, craftsmanship, clumsiness, greatness, malice, crudeness, goodness, and everything else that is a part of modern times.

Regardless, we can comfort ourselves with the thought that what happens, happens again. It happens in the same way, in the same order, while the country resembles itself and the descendants of tomorrow resemble the descendants of today. We have only one choice, each and every one of us. Hold our banners high and never retreat.

BA.

#### *November 1994*

*Birgir Andrésson on the occasion of the exhibition Found new lands, in Gallery II, 12-13th November 1994.*





## FULLKOMNUNARÁRÁTTA

---

Samtal um vald, sjálfsmýnd  
og ófullkomeika

---

Sunnudag 30. maí, 2010, kl 15:00

---

Íris Ellenberger  
Sigurjón Baldur Hafsteinsson  
Unnar Örn

---

Stjórnandi  
Oddný Eir Ævarsdóttir

---

## PERFECTIONISM

---

Discussion on power,  
identity, and imperfection

---

Sunday May 30 2010, 3 p.m.

---

Íris Ellenberger  
Sigurjón Baldur Hafsteinsson  
Unnar Örn

---

Moderator  
Oddný Eir Ævarsdóttir

---

## Í safni ófullkomeikans 1939 - 2010 / In the Collection of Imperfection 1939 - 2010

Listasafn Reykjavíkur - Hafnarhús  
/ Reykjavík Art Museum - Hafnarhus 20/5 - 29/8 2010  
Gert að beiðni Listasafns Reykjavíkur, 2010  
/ Commissioned by The Reykjavík Art Museum, 2010

### Frá Listasafni Reykjavíkur / From Reykjavík Art Museum

Safnstjóri / Director: Halþór Yngvason  
Sýningarstjóri / Curator: Yean Fee Quay  
Aðstoðarsýningarstjóri / Assistant Curator:  
Unnur Mjöll Leifsdóttir

### Frá Safni Ófullkomeikans / From The Museum of Imperfection

Safnstjóri / Director: Unnar Örn  
Sýningarstjóri / Curator: Markús Þór Andrésson  
Samhæfing / Coordination: Elsa Eiríksdóttir

### Þakkir / Thanks:


Borgarskjalasafn, Svanhildur Bogadóttir, Gunnar Björnsson,  
Minjasafn Reykjavíkur - Árbæjarsafn, Gerður Róbertsdóttir,  
Ljósmyndasafn Reykjavíkur, Kristín Hauksdóttir, Jóhanna  
Guðrún Árnadóttir, Listasafn Reykjavíkur - Byggingarlistadeild,  
Guja Dögg Hauksdóttir, Bryndís Erla Hjálmarsdóttir, Sirra Sigrún  
Sigurðardóttir, Soffía Karlsdóttir, Kvikmyndasafn Íslands,  
Þórarinn Guðnason, Þjóðminjasafnið, Þorbjörg Gunnarsdóttir,  
Utanklísaríðuneytið, Auður Edda Jökulsdóttir, Hreinn Pálsson  
/ The Reykjavík City Museum, Reykjavík City Archives, Reykjavík  
Museum of Photography, The Architecture Department of the Reykja-  
vík Art Museum, The National Film Archive of Iceland, The National  
Museum of Iceland, The Icelandic Participation in Expo 2010.

&

Ásthildur Magnúsdóttir, Ásmundur Ásmundsson, Ármann Agnarsson,  
Elsa Eiríksdóttir, Markús Þór Andrésson, Oddný Eir Ævarsdóttir,  
Olivia Plender, Rakel Pétursdóttir, Íris Ellenberger, Sigurjón Baldur  
Hafsteinsson, Karlotta Blöndal.

ÞESSA LEIÐ Í SAFN ÓFULLKOMLEIKANS  
 THIS WAY INTO THE MUSEUM OF IM-  
 PERFECTION

THIS WAY  
 FARA HLEIÐ INN



TRÝGVA GATA  
 HAFNAR HÚS  
 ÞESSA LEIÐ INN Í  
 THIS WAY TO REYKJAVÍK ART MUSEUM



1939 - 2010